

Sporgöngumenn

I kjölfar sterkra leiðtoga myndast oft tómarúm þar sem önnur kynslóð forystumanna axlar engan veginn þá ábyrgð sem nýtt hlutverk kallar á og er illa undir það verkefni búin að leiða fólk og aðföng samstiga í sömu átt.

Þetta sjáum við t.d. þegar frumkvöðlar stíga til hliðar og nýir stjórnendur eru ekki með sömu ástríðu og tengingu við tilgang fyrirtækisins. Við sjáum það jafnframt hjá teyllum þegar skipt er um stjórnendur og umbreytingartími tekur við sem einkennist oft af óvissu, eftirvæntingu og togstreitu.“

Guðrún Högnadóttir segir að



slíkt sjáist líka oft víða í stjórnálum þar sem sterkir leiðtogar hafa verið í sviðsljósinu um

áraraðir og eftirmenn ná ekki að fanga viðfangsefnin með jafnaferandi hætti.

Guðrún segir að ástæður þess að ekki tekst betur til geti falist í fyrsta lagi í áhugaleysi. „Samkvæmt nýlegri könnun Harris Poll hafa aðeins 11% aldamótakynslóðarinnar – „millennial workers“ á ensku – áhuga á að vinna í efri stjórnunarlægum – „C-suite“ á ensku.

Í öðru lagi getur þetta falist í reynsluleysi en samkvæmt sömu könnun töldu aðeins 15% svaraenda að þjálfun undirbyggji þau vel fyrir næstu stöðu.

Þriðja atriðið er afskiptaleysi en það kann að vera að við gleymum okkur í ljóma framúrskarandi forystu og teljum sjálfgefið að næstkomendur muni leiða okkur áfram á sömu gildum og sýn.

Þegar við sofnum á vaktinni og þjálfum ekki sporgöngumenn til að taka við keflinu upplifum við sundrung í stað samstöðu, reiði í stað eftirvæntingar og óvissu í

stað stefnufestu sem leiðir af sér kaos og dregur úr framförum. Við slíkar aðstæður kunna að rísa upp einræðisherrar eða kúvend-ing á stefnu á sér stað.

Flest farsæl fyrirtæki huga með mjög meðvituðum hætti að yfirfærslu valds og umbreytingarferli leiðtoga eða „succession planning“ á ensku. Þau sýna mikla fyrirhyggju í vali og vexti starfsmanna, leggja áherslu á stöðuga þróun leiðtoga með markvissri þjálfun og stuðningi, iðka virka dreifingu valds og ala með virkum hætti upp næstu kynslóð af leiðtogum.“ FV

„Samkvæmt nýlegri könnun Harris Poll hafa aðeins 11% aldamótakynslóðarinnar – „millennial workers“ á ensku – áhuga á að vinna í efri stjórnunarlægum.“